

74

20. marz

Með samþykkt þessari er úr gildi felld lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðar-kaupstað frá 24. september 1939, svo og síðari viðaukar og breytingar.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, til að öðlast gildi þegar í stað.

Í dómsmálaráðuneytinu, 20. marz 1945.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

75

20. marz

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð frú Þórunnar Havsteen“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 20. marz 1945. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð frú Þórunnar Havsteen.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður frú Þórunnar Havsteen. Stofnaður á 50 ára afmæli Kvenfélags Húsavíkur með 2000 kr. gjöf frá manni hennar, Júlíusi Havsteen, sýslumanni, ásamt 1400 kr., sem einnig eru gjafir til félagsins þennan dag.

2. gr.

Sjóðurinn skal vera til líknar og styrktar börnum og unglíngum í Húsavík.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipast þannig: Formaður Kvenfélags Húsavíkur er ávallt sjálfkjörinn formaður sjóðstjórnar, en með henni í stjórn sitja: Sýslumaður Þingeyjarsýslu og kona úr Kvenfélagi Húsavíkur, kosin til eins árs í senn á hverjum aðalfundi félagsins.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á tryggan hátt, í verðbréfum eða sparisjóði. Þegar sjóðurinn er orðinn 5000 kr. — fimm þúsund krónur — má fyrst veita úr honum hálfa ársvexti, hitt leggist við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn tíu þúsund krónur, þá má veita alla ársvexti.

5. gr.

Leysist Kvenfélag Húsavíkur upp og hætti að starfa, skal hreppsnefnd eða bæjarstjórn Húsavíkur kjósa árlega tvær konur í sjóðstjórnina til starfa með sýslumanni Þingeyjarsýslu.

Í stjórn Kvenfélags Húsavíkur, 13. febr. 1945.

Þórdís Ásgeirsdóttir,
form.

Sigríður Ingvarsdóttir,
ritari.

Helena Línal.

Lovísa Sigurðardóttir,
gjaldkeri.

Aðalbj. Jónsdóttir.